



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1.3.2024 – 31.5.2024



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og forstjóra	3
Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu	5
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	6
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	7
Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu	8
Skýringar með samandregnum samstæðuársreikningi	9

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísi.

Árs hlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuárs hlutareikningurinn hefur að geyma árs hlutareikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf., G7-11 fasteignafélags ehf., Iceland Spring ehf. og Collab ehf. Samstæðan skiptist í fjóra starfsþætti; Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning. Árs hlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Fréttir úr starfseminni

Vörusala Ölgerðarinnar jókst um tæp 2% á fyrsta fjórðungi rekstrarársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Þannig hefur dregið verulega úr þeim mikla vexti sem verið hefur undanfarin þrjú ár. Sala til veitingahúsa, hótela og skyndibitastaða dróst saman um 5% mælt í seldum lítrum af drykkjarvörum. Það gefur góða mynd af þeim samdrætti sem er í efnahagslífinu hvort sem er vegna neyslu erlendra ferðamanna eða minni neyslu Íslendinga.

Rekstrarframlegð jókst um 5,7% eða 239 millj. kr. Talsverðan hluta af þeirri aukningu má rekja til hærri hlutdeildar í bjórsölu hjá ÁTVR og aukinni sölu virknidrykkja og öflugri vöruþróun.

Sölu- og markaðskostnaður jókst á tímabilinu um 217 millj. kr. Meirihlutann má rekja til aukinnar samkeppni og nýrra viðskiptavina. Þessi aukning er frambung á árinu. Nýjar tegundir af virknidrykkjum voru settar á markað á tímabilinu – Mist Uppbygging og Collab Hydro. Á tímabilinu var fjárfest í markaðskostnaði því tengt. Sala á Collab er hafin í Danmörku og Finnlandi á yfir 1800 útsölustöðum. Af ofangreindri aukningu sölu- og markaðskostnaðar á tímabilinu má rekja 71 millj. kr til útflutnings Collab.

Stærsta fjárfestingin á tímabilinu var búnaður til að auka afköst og gæði í ölsuðu. Auk viðhaldsfjárfestinga var fjárfest í nýjum flöskumótum og búnaði tengdum framleiðslu á plastflöskum sem sparar um 70 tonn af plasti á ári vegna minni þyngdar og þynningar. Samtals sparar þetta um 215 tonn af kolefni í umfangi 3. Ölgerðin leggur áfram mikla áherslu á fjárfestingar sem draga úr umhverfisáhrifum og stuðla þannig að nettólosun verði núll árið 2040.

Á tímabilinu voru gefnir út nýir hlutir að nafnverði 30.750.000 til að mæta skuldbindingum félagsins á grundvelli kaupréttasamninga. Hlutirnir voru gefnir út á genginu 5,98 og var söliverð þeirra 184 millj. kr.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 11,2 ma. kr. og hækkuðu um 2% frá fyrra ári. Veltuaukninguna má rekja til viðskipta við smásöluaðila og fyrirtæki. Samdráttur var í viðskiptum við skyndibitakeðjur en sala til hótela og veitingastaða stóð í stað milli ára.

Hagnaður ársfjórðungsins eftir skatta nam 482 millj. kr. og lækkaði um 481 millj. kr. frá sama tímabili í fyrra. Á fyrsta ársfjórðungi 2023 innleysti Ölgerðin 368 millj. kr. vegna matsbreytingar á fjárfestingu í Iceland Spring samhliða yfirtöku á félaginu sem hafði veruleg jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu þess ársfjórðungs. Þessi matsbreyting útskýrir stærstan hluta lækkunar hagnaðar á milli tímabila. Hagnaður Ölgerðarinnar á sama tímabili í fyrra án áhrifa matsbreytingar á fjárfestingu í Iceland Spring nam 583 millj. kr. og er því lækkun á hagnaði milli tímabila 114 millj. kr. að teknu tillit til hennar. Helstu skýringar eru að laun og rekstrarkostnaður jukust um 102 millj. kr umfram framlegð.

Hrein fjármagnsgjöld hækkuðu um 26 millj. kr. milli tímabila sem skýrist að miklu leiti vegna viðsnúnings á gengismuni. Fjármagnsgjöld vegna fjármögnunar samstæðunnar hækka um 17 millj. kr. sem skýrist af hækkun stýrisvaxta en á móti vegur lækkun skuldsetningar samstæðunnar sem og útgáfa víxla á hagstæðum kjörum. Eigið fé Ölgerðarinnar var 15,8 ma. kr. í árslok og eiginfjárlutfallið 48%. Nettó vaxtaberandi skuldir með húsaleiguskuldbindingu voru 5,8 ma. kr. og hækkuðu um 75 millj. kr. frá lokum síðasta fjárhagsárs. Á tímabilinu voru meðal stöðugildi samstæðunnar 377 samanborið við 376 á sama tímabili árið áður. Hlutfall kvenna í samstæðunni var 30% en í stöðum yfirmanna og stjórnenda var hlutfall kvenna 40%. Í stjórn Ölgerðarinnar eru 60% konur og 40% karlar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2024 – 31. maí 2024 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2024. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík 27. júní 2024.

Stjórn:

Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður

Gerður H. Arinbjarnardóttir

Magnús Árnason

Rannveig Eir Einarsdóttir

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Forstjóri:

Andri Þór Guðmundsson

Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
Vörusala	3.	11.233.346	11.039.250
Áfengis- og skilagjald		(2.848.095)	(2.809.236)
Hrein vörusala		8.385.251	8.230.013
Framleiðslukostnaður	4.	(5.071.171)	(5.093.789)
Framlegð		3.314.080	3.136.224
Aðrar rekstrartekjur		6.799	11.976
Annar rekstrarkostnaður	4.	(2.542.976)	(2.238.562)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)		777.902	909.639
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага		9.753	379.416
Fjármunatekjur		27.444	13.360
Fjármagnsgjöld		(232.849)	(215.734)
Gengismunur		(910)	22.324
Hagnaður fyrir skatta		581.340	1.109.005
Tekjuskattur		(99.801)	(145.918)
Hagnaður tímabilsins		481.539	963.087
Hagnaður tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:			
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.		443.808	954.079
Hlutdeild minnihluta		37.731	9.008
Hagnaður tímabilsins		481.539	963.087
Hagnaður á hlut		0,16	0,34
Pynntur hagnaður á hlut		0,15	0,33

Yfirlit yfir heildarafkomu

'000 ISK	2024	2023
Hagnaður tímabilsins	481.539	963.087
Önnur heildarafkoma		
<i>Liðir sem síðar gætu verið flokkaðir í rekstur</i>		
Pýðingarmunur vegna dótturfélags	58.421	(30.640)
Heildarafkoma tímabilsins	539.960	932.447
Heildarafkoma skiptist á eftirf. hátt:		
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.	473.503	933.366
Hlutdeild minnihluta	66.458	(920)
Heildarafkoma tímabilsins	539.960	932.447

Próun EBITDA og EBIT milli tímabila

'000 ISK	Breyting %	2024	2023
EBITDA	-9%	1.055.256	1.156.792
Afskriftir	12%	277.353	247.153
EBIT	-14%	777.902	909.639
Hreindir fjármagnsliðir	15%	(206.315)	(180.050)
Áhrif hlutdeildarféлага	-97%	9.753	379.416

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu

Eignir		31. maí 2024	29. febrúar 2024
'000 ISK	Skýr.		
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir		14.269.450	14.095.346
Óefnislegar eignir		7.358.548	7.358.548
Húsaleiguréttindi		128.272	131.905
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum		432.048	422.295
Skuldabréfaeign		578.874	396.690
Fastafjármunir		22.767.193	22.404.784
VELTUFJÁRMUNIR			
Birgðir		3.881.423	3.418.505
Viðskiptakröfur		3.783.465	3.226.991
Aðrar skammtímaskröfur		99.960	91.336
Handbært fé		2.043.202	1.523.787
Veltufjármunir		9.808.050	8.260.619
Eignir samtals		32.575.243	30.665.403

Skuldir og eigið fé		31. maí 2024	29. febrúar 2024
'000 ISK	Skýr.		
EIGIÐ FÉ			
Hlutafé		2.837.397	2.806.647
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.255.688	1.102.553
Annað bundið eigið fé		3.332.754	3.135.377
Óráðstafað eigið fé		6.652.007	6.386.165
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags		14.077.846	13.430.742
Hlutdeild minnihluta		1.682.761	1.616.305
Eigið fé samtals		15.760.607	15.047.046
SKULDIR			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5.	4.390.370	4.443.034
Húsaleiguskuldbinding		114.979	119.241
Tekjuskattsskuldbinding		2.589.957	2.569.057
Langtímaskuldir og skuldbindingar		7.095.307	7.131.332
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5.	2.818.481	2.150.147
Næsta árs afborganir	5.	549.184	566.588
Ógreiddur tekjuskattur		87.221	555.873
Viðskiptaskuldir		3.198.853	2.821.983
Aðrar skammtímaskuldir		3.065.591	2.392.433
Skammtímaskuldir		9.719.331	8.487.025
Skuldir samtals		16.814.637	15.618.356
Skuldir og eigið fé samtals		32.575.243	30.665.403

Samandregið sjóðstreymisýfirlit samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
Hagnaður tímabilsins		481.539	963.087
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi</i>			
Kaupréttarsamningar		16.797	7.413
Afkoma hlutdeildarféлага		(9.753)	(379.416)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfj.		(4.471)	(6.375)
Afskriftir og virðisrýrnun		277.353	247.153
Breyting tekjuskattskuldbindingar		20.900	41.379
Breyting á áföllnum vöxtum		65.557	0
Hreint veltufé frá rekstri		847.922	873.241
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(565.098)	(792.597)
Birgðir		(462.918)	(420.118)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		554.258	1.078.755
Handbært fé frá rekstri		374.164	739.282
<i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting		(374.534)	(350.629)
Skuldabréf, breyting		(182.185)	3.280
Tengd félög, breyting		0	45.757
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi		0	(72.210)
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(556.719)	(373.802)
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir		25.818	9.690
Greiddir vextir		(223.442)	(231.356)
Greiddur tekjuskattur		(95.506)	(68.445)

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
<i>Fjármögnunarahreyfingar</i>			
Ný skammtímalán	5.	1.616.146	0
Afborganir skammtímalána	5.	(1.011.406)	0
Ný langtímalán	5.	0	159.394
Afborganir langtímalána	5.	(81.362)	(155.372)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(6.260)	(5.887)
Innborgað hlutafé		183.885	0
Sjóðstreymi af fjármögnun		701.003	(1.865)
<i>Handbært fé</i>			
Hækkun á handbæru fé		518.448	363.615
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		966	0
Handbært fé í byrjun tímabilsins		1.523.787	1.171.857
Handbært fé í lok tímabilsins		2.043.202	1.535.472
Frjálst fjárflæði			
Handbært fé frá rekstri		374.164	739.282
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(556.719)	(373.802)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(6.260)	(5.887)
Frjálst fjárflæði		(188.815)	359.593

Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024

Hreyfingar 1. mars - 31. maí 2024	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
'000 ISK								
Staða 1. mars 2024	2.806.647	1.102.553	0	3.135.377	6.386.165	13.430.742	1.616.304	15.047.046
Leiðrétting á eigin fé (sjá skýringu 1)					(27.082)	(27.082)		(27.082)
Hagnaður ársins					443.808	443.808	37.731	481.539
Pýðingarmunur				29.695		29.695	28.726	58.421
Heildarafkoma ársins				29.695	443.808	473.503	66.458	539.960
Innleystir kaupréttir	30.750	153.135		(14.453)	14.453	183.885		183.885
Gjaldfærðir kaupréttir				16.797		16.797		16.797
Bundnar hlutdeildartekjur				165.337	(165.337)	0		0
Staða 31. maí 2024	2.837.397	1.255.688	0	3.332.754	6.652.007	14.077.846	1.682.761	15.760.607

Hreyfingar 1. mars - 31. maí 2023

Hreyfingar 1. mars - 31. maí 2023	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
'000 ISK								
Staða 1. mars 2023	2.806.647	1.102.553	688.464	2.168.543	3.315.180	10.081.387	0	10.081.387
Hagnaður ársins					954.079	954.079	9.008	963.087
Pýðingarmunur				(20.712)		(20.712)	(9.928)	(30.640)
Heildarafkoma ársins				(20.712)	954.079	933.366	(920)	932.446
Endurmat endurflokkað			(688.464)		688.464	0		0
Hlutdeild minnihluta við kaup á dótturfél.						0	1.545.004	1.545.004
Kaupréttarsamningar				7.413		7.413		7.413
Bundnar hlutdeildartekjur				219.592	(219.592)	0		0
Hlutdeild færð vegna Iceland Spring						0		0
Staða 31. maí 2023	2.806.647	1.102.553	0	2.374.836	4.738.131	11.022.167	1.544.084	12.566.251

Skýringar

1. Grundvöllur reikningskila

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Samandreginn árslutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu (EU) og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandregni árslutareikningurinn hefur að geyma árslutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Árslutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum og þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Dótturfélögin Collab ehf. og Collab DK ApS sem stofnuð voru á árinu 2023 eru í fyrsta skipti hluti af samstæðureikningskilum Ölgerðarinnar, en þeim hefur í fyrri reikningskilum verið haldið utan samstæðu þar sem þau hafa haft óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar. Leiðrétting á eigin fé að fjárhæð 27,1 milljón endurspeglar neikvætt eigið fé Collab samstæðunnar 1. mars 2024.

Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Samandregni árslutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 29. febrúar 2024. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárslutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningskilastaða, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Starfsþáttayfirlit

1. mars - 31. maí 2024	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekur og aðrar tekjur	4.998.239	3.060.803	2.643.427	537.675	11.240.145
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	335.445	547.223	106.663	65.925	1.055.256
Rekstrarhagnaður	195.329	435.090	93.288	54.194	777.902
Fjármagnsliðir og hlutd.					(196.562)
Tekjuskattur					(99.801)
Hagnaður tímabilsins					481.539

1. mars - 31. maí 2023	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekur og aðrar tekjur	4.912.700	2.945.412	2.635.414	557.700	11.051.226
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	389.080	533.253	167.385	67.074	1.156.792
Rekstrarhagnaður	264.323	435.253	155.385	54.677	909.639
Fjármagnsliðir og hlutd.					199.366
Tekjuskattur					(145.918)
Hagnaður tímabilsins					963.087

¹⁾ Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

²⁾ Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

³⁾ Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

⁴⁾ Tekjur af öllum útflutningi hjá samstæðu Ölgerðarinnar, sem er að stærstum hluta vegna Iceland Spring og Collab útflutningur.

Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfsþátta samstæðunnar. Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við innra skipulag og skýrslugjöf til stjórnenda sem notaðar eru í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fjóra rekstrarstarfsþætti.

Skipting sameiginlegs kostnaðar á Egils tekjusviðin skiptist í hlutföllum við veltu án áfengis- og skilagjalda.

Tekjuskráning

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

4. Kostnaður sundurliðaður eftir eðli

	1. mars til 31. maí	
	2024	2023
Flokkun í rekstrarreikningi		
Framleiðslukostnaður	5.071.171	5.093.789
Annar rekstrarkostnaður	2.542.976	2.238.562
Samtals	7.614.148	7.332.351
Flokkun miðað við eðli		
Vörunotkun	4.318.628	4.464.992
Annar framleiðslukostnaður	218.994	156.763
Markaðs- og sölukostnaður	885.089	668.139
Laun og launatengd gjöld	1.321.341	1.237.350
Afskriftir	277.353	247.153
Annar rekstrarkostnaður	592.743	557.924
Samtals	7.614.148	7.332.321
<i>Afskriftir eru flokkaðar á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	152.323	135.737
Annar rekstrarkostnaður	125.030	111.416
Samtals	277.353	247.153
<i>Laun og launatengd gjöld eru flokkuð á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	299.017	264.207
Annar rekstrarkostnaður	1.022.324	973.143
Samtals	1.321.341	1.237.350

Framleiðslukostnaður samanstendur af beinum og óbeinum kostnaði við framleiðslu á fullnum vörum sem skapa tekjur á árinu. Innan framleiðslukostnaðar er hráefniskostnaður, laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður sem inniheldur húsnæðiskostnað, leigu og afskriftir vegna varanlegrar rekstrarfjármuna sem nýttir eru í framleiðslunni.

Rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaði við dreifingu og sölu á fullnum vörum og þjónustu sem skapa tekjur á árinu ásamt kostnaði við stjórnun og rekstur samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður inniheldur laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnað, leigu, afskriftir af varanlegum og ófenislegum eignum, tryggingar sem og annan skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

5. Lán

	31.5.2024	29.2.2024
Langtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	4.658.896	4.700.491
Langtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	254.500	283.846
Samtals langtímaskuldir	4.913.395	4.984.337
Næsta árs afborgun	(523.025)	(541.303)
Samtals langtímaskuldi	4.390.370	4.443.034
Víxlskuldir í íslenskum krónum (ISK)	2.603.774	1.927.934
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	214.707	222.213
Samtals vaxtaberandi skammtímaskuldir	2.818.481	2.150.147
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	523.025	541.303
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	26.160	25.285
Samtals næsta árs afborgun langtímaskulda og leiguskuldbindingar	549.185	566.588
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.5.2024	29.2.2024
Afborganir innan 12 mánaða	523.025	541.303
Afborganir eftir 12-24 mánuði	271.086	269.970
Afborganir eftir 24-36 mánuði	268.855	273.013
Afborganir eftir 36-48 mánuði	1.327.310	1.333.789
Afborganir síðar	2.523.119	2.566.262
Samtals	4.913.395	4.984.337

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að fráregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Fjárskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok reikningsskilatímabilsins stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 31. maí 2024 voru 11,0% (29. febrúar 2024: 11,1%).

Aðrar skuldir, þar með talið, viðskiptaskuldir, skuldir við tengda aðila, virðisaukaskattur og aðrar skammtímaskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem jafnan samsvarar nafnvirði þeirra.